

Félagsmálaráðuneytið

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: **Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis**
Sendandi: **Félagsmálaráðuneytið**
Dagsetning: **02.03.2007**
Málsnúmer: **FEL06050027**
Bréfalykill: **8402-2-1**

Efni: **Innleiðing á tilsk. EB/2005/56.**

Fulltrúi félagsmálaráðuneytisins kom á fund efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis 27. febrúar sl. vegna umfjöllunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um samvinnufélög og lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur (millilandasamruni og millilandaskipting), þskj. 779 – 516. mál.

Á fundinum var óskað eftir afstöðu ráðuneytisins til þess hvaða þýðingu það hefði að frumvarp til innleiðingar á 16. gr. tilskipunar EB/2005/56 um samruna hlutafélaga yfir landamæri varðandi þátttöku starfsmanna væri ekki lagt fram samhliða framangreindu frumvarpi.

Í 1. mgr. 16. gr. tilskipunarinnar kemur fram að með fyrirvara um 2. mgr. skuli gildandi reglur um þátttöku starfsmanna, ef einhverjar eru, í aðildarríki þar sem félagið verður til við samruna yfir landamæri, hefur skráða skrifstofu, gilda um félagið. Fyrirvarinn í 2. mgr. er að þessar reglur skuli ekki gilda ef meðalfjöldi starfsmanna í a.m.k. einu af samrunafélögunum var yfir 500 á síðustu sex mánuðum fyrir birtingu áætlunar um samruna yfir landamæri. Fyrirmæli eru síðan um hvers konar reglur skuli setja í 3.–7. mgr. 16. gr. Er í þessu samhengi meðal annars vísað til reglna sem gilda um Evrópufélög.

Í þessu felst að lög nr. 27/2004, um aðild starfsmanna að Evrópufélögum, gilda um þátttöku starfsmanna við samruna hlutafélaga yfir landamæri, nema ef meðalfjöldi starfsmanna í a.m.k. einu af samrunafélögunum var yfir 500 á síðustu sex mánuðum fyrir birtingu áætlunar um samruna yfir landamæri. Væntanlegt frumvarp til innleiðingar á 16. gr. tilskipunar EB/2005/56 mun því fjalla um þátttöku starfsmanna í þeim tilvikum þegar meðalfjöldi starfsmanna í a.m.k. einu af samrunafélögunum var yfir 500 á síðustu sex mánuðum fyrir birtingu áætlunar um samruna yfir landamæri.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands voru á árinu 2005 15 hlutafélög með fleiri en 500 starfsmenn að meðaltali á mánuði. Auk þeirra voru þrjú einkahlutafélög með fleiri en 500 starfsmenn. Samsvarandi tölur frá árinu 2006 liggja ekki fyrir hjá Hagstofunni.

Ef slík hlutafélög birta áætlun um samruna yfir landamæri á tímabilinu frá gildistöku laga um breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um samvinnufélög og lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur (millilandasamruni og millilandaskipting), sbr. þskj. 779 – 516. mál, er sá möguleiki fyrir hendi að ekki liggi fyrir fullkomlega skýrar leikreglur um þátttöku starfsmanna í samræmi við 16. gr. tilskipunarinnar fram að þeim tíma er Alþingi samþykkir frumvarp sem lagt verður fram af hálfu félagsmálaráðherra næsta haust.

Ráðuneytið vill í þessu samhengi benda á að tíminn til að innleiða tilskipun EB/2005/56 er til 15. desember 2007 og því er sá möguleiki fyrir hendi að gildistími laga um breytingu á lögum um

hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um samvinnufélög og lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur (millilandasamruni og millilandaskipting) verði tilgreindur síðar á árinu.